



# Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300

## Áskorun um að endurskoða ákvæða hafnalaga nr. 61/2003 vegna fiskeldis

Sveitarfélagið Vesturbyggð hefur um nokkurt skeið notið þess mikla drifkrafts sem fiskeldi á sunnanverðum Vestfjörðum hefur haft í för með sér. Íbúum hefur fjölgað, atvinnutækifærin fjölbreyttari og aldursþíramíðinn breyst, þar sem ungu fólki er að fjölga ört. Á meðan sveitarfélagið fagnar bjartari tímum og þeim mikla krafti sem í samfélaginu er að finna, þá hefur verkefnum og áskorunum sveitarfélagsins fjölgað svo um munar. Samfélag sem lengi var í hjöðnun er nú að takast á við vaxtaverki í innviðaupbyggingu sem er umfangsmikil og kostnaðarsöm fyrir ekki stærra sveitarfélag en Vesturbyggð.

Mikil vonbrigði voru að aðeins einn þriðji hluti af tekjum af gjaldtöku af fiskeldi á grundvelli laga um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð nr. 89/2019 muni á komandi árum renna í fiskeldissjóð sem sveitarfélögin geta keppt um að sækja í til innviðaupbyggingar. Munu tekjur sjóðsins duga skammt fyrir þeirri innviðaupbyggingu sem sveitarfélög eins og Vesturbyggð þurfa að ráðast í, svo viðhalda megi áfram hinni jákvæðu byggðaðþróun.

Hafnir Vesturbyggðar eru fjórar og hefur einna mest reynt á Bíldudalshöfn og Patrekshöfn í þjónustu við fyrirtæki í fiskeldi. Framkvæmdir við tengingu stórskipakants og hafnarkants og endurbygging hafskipabryggju Bíldudalshafnar skv. samgönguáætlun munu vonandi verða boðin út fyrir áramót. Duga þær framkvæmdir þó skammt til að bregðast við auknum umsvifum á Bíldudalshöfn, en þar starfa fyrir utan smábátasjómenn, Arnalax, Arctic Fish, Íslenska kalkþörungafélagið og Samskip sem siglir þangað einu sinni í viku að jafnaði. Þá hafa umsvif fiskeldisfyrirtækja aukist verulega á Patrekshöfn, en þar nýta tvö fyrirtæki þjónustu hafnarinnar fyrir þjónustubáta sína, þ.e. Arnalax og Arctic Fish. Þessi auknu umsvif og fyrirhuguð aukning í fiskeldi og kalkþörungavinnslu kallar á aukna þjónustu og betri aðstöðu. Þá er ekki fyrir það skotið að fleiri hafnir á sunnanverðum Vestfjörðum gætu gengt slíku hlutverki að vera þjónustuhöfn, t.d. vegna fjarlægðarreglna vegna smitsjúkdóma.

### Breytt starfsemi hafna

Hafnalögin nr. 61/2003 gilda um allar hafnir sem notaðar eru til afgreiðslu og þjónustu skipa, afgreiðslu á vörum, ökutækjum og farþegum og við löndun á fiski. Gildissvið laganna er þannig rúmt en af lestri laganna er ljóst að mörg ákvæði þeirra takmarkast að miklu leyti við almennan sjávarútveg og taka ekki nema að litlu leyti til atvinnustarfsemi eins og fiskeldis. Þar sem um er að ræða heimildir til töku þjónustugjalda þá er mikilvægt fyrir sveitarfélög að gjaldtökuheimildirnar séu skýrar og um sé að ræða gjaldstofna sem hafnirnar geta treyst á í áætlanagerð sinni.

### Aflagjöld

Það hefur reynst Vesturbyggð þungt í vöfum að afla tekna til að standa undir aukinni þjónustu og auknum kröfum um betri mannvirki hafnanna, miðað við þær gjaldtökuheimildir sem nú er mælt fyrir um í 17. gr. hafnalaga. Samkvæmt úttekt Sambands íslenskra sveitarfélaga þá hafa aflagjöld sem runnið hafa í hafnarsjóð Vesturbyggðar aukist um 32,3 % á árunum 2008-2017 og síðustu ár hefur rekstur hafnanna gengið vel eftir mikinn taprekstur. Tekjur af aflagjöldum hafa þó sveiflast mikið og áföll sem orðið hafa í rekstri fyrirtækja í fiskeldi verða til þess að áætlaðar tekjur skv. fjárhagsáætlun sveitarfélagsins skila sér



# Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300

ekki til að standa undir því viðhaldi og þeirri þjónustu sem veita þarf. Vesturbyggð hefur innheimt aflagjöld sem nema 0,60% af heildarverðmæti selds eldisfisks miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands á hverju tímabili. Gjöldin hafa ekki verið hækkuð um nokkurt skeið þar sem fyrirtækin á svæðinu hafa verið í uppbyggingarfasa.

Samkvæmt e. lið 2. mgr. 17. gr. hafnalaga er Vesturbyggð heimilt að hækka gjaldið í 1,25% eða mest 3% af heildaraflaverðmæti. Þrátt fyrir að hafnarsjóður gæti tekið herra gjald, þá er hér um að ræða gjaldstofn sem ekki er með öllu hægt að treysta á, þar sem breytingar og vinnslustopp geta haft veruleg áhrif á þær tekjur sem skila sér í formi aflagjalda. Sem dæmi um slíkt þá lækkuðu tekjur hafna Vesturbyggðar vegna aflagjalda um 30% á milli árunna 2017-2018 vegna vinnslustopps sem ekki var fyrirséð að yrði. Þá verður Vesturbyggð að treysta á að upplýsingar sem sveitarfélaginu berst frá fyrirtækjunum sjálfum, þ.e. heildarverðmæti selds eldisfisks, séu réttar og erfitt er um vik fyrir sveitarfélögin að sannreyna þær upplýsingar nema með ársreikningum fyrirtækjanna eftir á. Það er því erfitt að treysta á tekjur af aflagjöldum til að standa undir kostnaði við að byggja, reka, viðhalda og endurnýja viðlegumannvirki, dýpkanir og legu í höfn, aðstöðu við bryggjur á hafnarbakka og svo framvegis. Þá er einnig með töku aflagjalda að finna aðstöðumun milli hafna. Eingöngu er unnt að rukka aflagjöld þar sem eldisfiskur er losaður, þ.e. þar sem honum er slátrað. Þjónustuhafnir í fiskeldi eins og t.d. Patrekshöfn njóta því ekki tekna af aflagjöldum.

## Vörugjöld

Vesturbyggð innheimtir vörugjöld skv. b. lið 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga af fódri sem fer á land, er það byggt á upplýsingum um magn fódurs frá fyrirtækjunum sjálfum. Hafnasjóður Vesturbyggðar innheimti um nokkurt skeið vörugjöld af fódri á pramma eða þar til innheimtu þeirra var mótmælt af hálfu fyrirtækjanna. Í kjölfarið var óskað eftir leiðbeiningum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um heimildir til slíkrar gjaldtöku. Um er að ræða flutning fódurs sem fer ekki inn fyrir innri höfn og sjaldan inn fyrir ytri höfn. Fóðrinu er landað á svokallaðan fódurpramma sem staðsettur er við kvíarnar og þaðan er fóðrið skammtað í kvíarnar. Þrátt fyrir að fóðrið fari aldrei inn fyrir hafnarsvæðið, þá þarf að vera til staðar hafnaradstaða fyrir þá báta sem sigla að fódurprammanum og kvíunum. Í leiðbeiningum ráðuneytisins í máli SRN18110096 frá 14. janúar 2019 kom fram að sýna þarf fram á kostnað til töku vörugjaldsins á innri eða ytri höfn. Það þurfi að vera fyrirfram tilgreind þjónusta sem veitt er gegn því að þjónustugjald sé innheimt. Miðað við leiðbeiningar ráðuneytisins taldi Vesturbyggð sig ekki hafa skýra lagaheimild til frekari innheimtu vörugjalda af fódri á fódurpramma, þrátt fyrir að aðstaða yrði að vera til staðar í höfnunum fyrir starfseminu og í árslok 2018 hætti sveitarfélagið innheimtu vörugjalda á fóður á pramma.

Vesturbyggð hefur í kjölfarið, líkt og önnur sveitarfélög verið að skoða heimildir til að færa út enn frekar mörk ytri hafnar við hafnarsvæði í sveitarfélaginu, til að ná yfir þau kvísvæði sem næst eru viðkomandi þjónustuhöfnum.

## Hafnagjöld

Hafnasjóður hefur innheimt hafnagjöld skv. gjaldskrá, en það er helst rafmagn, festargjald og bryggjugjöld. Tekjur af þeirri gjaldtöku eru óverulegar eða á bilinu 1-2 milljónir króna á ári og standa því ekki undir auknum kostnaði vegna reksturs og viðhalds hafnanna.



# Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300

## **Þjónustugjöld eða skattar**

Með vísan til framangreinds þá eru heimildir sveitarfélaga til gjaldtöku skv. hafnalögum vegna fiskeldis óskýrar og með bréfi þessu vill Vesturbyggð vekja athygli ráðherra á þeim vanköntum sem eru til gjaldtöku og þeim erfiðleikum sem sveitarfélagið stendur frammi fyrir til að standa undir rekstri og viðhaldi hafnarmannvirkja ef ekki verður úr bætt.

Mikilvægt er að aðstöðumunur þeirra hafna þar sem eldisfiskur kemur á land og er slátrað og þeim höfnum sem gegna hlutverki þjónustuhafna verði leiðréttur. Þannig að unnt sé að taka gjald til að standa undir rekstri, byggingu, viðhaldi og endurnýjun viðlegumannvirkja í höfnum á þeim landsvæðum þar sem fiskeldi fer fram, hvort sem það eru hafnir þar sem eldisfiskur er losaður eða þar sem þjónustubátar geta lagst að.

Vesturbyggð leggur því til við ráðherra að ákvæði 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003 verði endurskoðuð með tilliti til breyttar starfsemi sem felst í fiskeldi. Horft verði til þeirrar þjónustu og hafnarmannvirkja sem fiskeldinu eru nauðsynleg vegna starfseminnar og hvernig höfnunum verði tryggðar tekjur til að standa undir þeim kostnaði sem til fellur.

Þá leggur Vesturbyggð einnig til að samhliða þeirri vinnu og vinnu við skipulag haf- og strandsvæða, verði skoðað sérstaklega hvort ekki sé tilefni til að heimila sveitarfélögum með lögum að taka skatt í svipuðu formi og fasteignaskatt af þeim mannvirkjum sem eru á hafi úti, líkt og af fóðurprömmum og kvíum skv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Þeim skatttekjum væri þá unnt að ráðstafa til frekari innviðauppgildingar sem mörg sveitarfélög standa nú frammi fyrir að ráðast þurfi í, til að tryggja áfram jákvæða byggðaðróun.

Vesturbyggð hvetur ráðherra því til að skipa starfshóp sem endurskoðar gjaldtökuheimildir hafnalaga og í kjölfarið verði lagt fram frumvarp til breytinga á lögunum, þannig að sveitarfélög þar sem fiskeldi er stundað hafi skýrar heimildir til gjaldtöku og tryggt sé að tekjur af slíkri gjaldtöku standi undir nauðsynlegum verkefnum á hafnarsvæðum og tryggð sé sjálfbærni þeirra hafna þar sem þessi atvinnustarfsemi er stunduð.

Vesturbyggð, 16. október 2019